

Inngangur

Orkustofnun er falið, skv. 12. og 17. greinum raforkulaga nr. 65/2003, að setja flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum tekjumörk. Til að Orkustofnun sé unnt að rækja þetta hlutverk sitt þarf hún að afla víðtækra upplýsinga um fjárhag og rekstrarkostnað fyrrnefndra fyrirtækja.

Þá er áðurnefnd upplýsingaöflun einnig þörf við eftirlit stofnunarinnar með aðskilnaði bókhalds og til að ganga úr skugga um að ákvæði 2. mgr. 16. gr. raforkulaga um hvort samkeppnisstarfsemi sé niðurgreidd með sérleyfisstarfsemi sé fylgt. Í þessu sambandi er vísað til 7., 8., 16., 19., 27. og 41. gr. raforkulaga.

Öflun bókhaldsupplýsinga¹

Ár hvert sendir stofnunin út sérstakt eyðublað í skýrsluformi, sem fyrirtækjunum ber að fylla út með upplýsingum úr bókhaldi sínu og vera skal í samræmi við ársreikning fyrirtækisins. Skýrsla þessi er hér nefnd bókhalds- og tækniupplýsingar og skal henni skilað til stofnunarinnar innan tilgreinds tíma, sbr. neðangreint. Bókhaldsupplýsingarnar eiga að vera yfirfarnar og staðfestar formlega af endurskoðanda fyrirtækisins. Staðfesting endurskoðanda skal fylgja skýrslu fyrirtækisins til Orkustofnunar.

Útsending Orkustofnunar á grunnögnum og skil fyrirtækja á upplýsingum

Orkustofnun miðar við að fyrirspurn til fyrirtækja fari frá stofnuninni eigi síðar en 1. mars ár hvert og að fyrirtæki skili gögnum til hennar í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar eða 1. maí. Um miðjan aprílmánuð mun stofnunin senda sérleyfisfyrirtækjum bréf til að minna á eindaga gagnaskila.

Sérleyfisfyrirtækjum stendur til boða að senda Orkustofnun drög að skilum á tækniupplýsingum í apríl til þess að forðast megi viðurlög vegna ófullnægjandi skila á gögnum.

Viðurlög við drætti á skilum á upplýsingum eða ófullnægjandi gögnum

Hafi bókhalds- og tækniupplýsingarnar ekki borist stofnuninni á umbeðnu skýrsluformi með þeirri sundurliðun sem um er beðið ásamt staðfestingu endurskoðanda þann 1. maí mun Orkustofnun beita úrræði 26. gr. raforkulaga með lagningu dagsekta frá þeim degi að telja. Dagsektir skulu nema 0,001% af tekjumörkum fyrirtækisins fyrir viðkomandi ár fyrir hvern dag fyrstu 10 dagana sem dráttur verður á skilum, en eftir það 0,002% fyrir hvern dag sem skil dragast. Dagsektir skulu þó eigi vera lægri en kr. 5.000 og eigi hærri en kr. 50.000 fyrir hvern dag sem skil á gögnum dragast. Beiting dagsekta skal tilkynnt með ábyrgðarbréfi. Skil á gögnum skulu vera með sannanlegum hætti.

Öflun tækniupplýsinga²

Tilgangur Orkustofnunar með öflun tækniupplýsinga er að fylgjast með stærð og umfangi sérleyfisfyrirtækisins svo og þróun þess.

Tímarammi fyrir skil á bókhaldsupplýsingum

Útsending gagna frá Orkustofnun	1. mars
Eindagi skila sérleyfisfyrirtækis á upplýsingum	1. maí
Bréf stofnunarinnar til að minna á eindaga gagnaskila 15. apríl	
Dagsektum beitt vegna dráttar á skilum frá	1. maí

Skýringar:

¹ Með hugtakinu bókhaldsupplýsingar er átt við ársreikninga flutningsfyrirtækis og dreifiveitna sundurliðaðar í samræmi við fyrirmæli Orkustofnunar. Sé dreifiveita ekki sjálfstætt fyrirtæki ber henni að skila ársreikningi þannig sundurliðuðum að unnt sé að sjá hvernig skiptingu sameiginlegra kostnaðarliða er háttað.

² Með hugtakinu tækniupplýsingar er átt við orkuflæði um veitukerfið, hæsta afltopp í veitukerfinu, lengd þess og helsta tækjabúnað.